

# Sigurjón Samúelsson



Fjölskyldan á Hrafnabjörgum um 1965. Fremri röð f.v.: Hrafnhildur, Hildur Hjaltadóttir, móðir Sigurjóns, Ásdís og Svana. Aftari röð f.v.: Sigurbjörn, Hjalti, Guðmundur, Sigurjón og Helgi. Til hægri er mynd af Samúel Guðmundi Guðmundssyni, föður Sigurjóns. Ljósmynd: Þórir H. Óskarsson / Ljósmyndastofa Þóris.

Sigurjón Samúelsson var bóndi á Hrafnabjörgum í Ísafjarðardjúpi þar sem hann fæddist 6. febrúar 1936. Hann var elsta barn hjónanna Samúels G. Guðmundssonar, bónda á Hrafnabjörgum, og Hildar Hjaltadóttur húsfreyju og ljósmóður. Sigurjón, sem ólst upp í stórum systkinahópi, fór ungur að árum til sjós. Hann kveðst hafa ætlað sér að gera sjómenskuna að ævistarfi og þá helst sem vélstjóri. Hann var um nokkurra ára skeið á vertíðum, aðallega frá Grindavík, lengst af sem 2. vélstjóri á vélbátnum Guðjóni Einarssyni. En þegar faðir hans lést árið 1958 gerðist Sigurjón bóndi á Hrafnabjörgum og bjó þar alla tíð síðan. Framan af var hann með sauðfé og kýr en seinni árin eingöngu sauðfé. Sigurjón lést 4. ágúst 2017.

# Bóndi á Hrafnabjörgum

Áhugi Sigurjóns og þekking á vélum nýttist bæði honum sjálfum og nágrönnum hans oft og vel í búskapnum auk starfa á jarðvinnutækjum búnaðarféлага Ögur- og Reykjafjarðarhreppa, aðallega við túnræktun og vegagerð. Sigurjón var formaður Veiðifélags Laugdælinga um áratuga skeið, sat í hreppsnefnd Ögurhrepps og síðar Súðavíkurhrepps um árabil. Hann var auk þess formaður Búnaðarfélags Ögurhrepps um tíma og í stjórn Ræktunarsambands Ögur- og Reykjafjarðarhrepps.

Sigurjón las mikið og hafði sérstakt dálæti á bókum Halldórs Laxness. Hann mat þjóðlegan fróðleik mikils og kunni einnig reiðinnar býsn af ýmiss konar vísum og skemmtilegum sögum af mönnum og málefnum og hafði gaman af að segja frá. Synir Sigurjóns eru Samúel Guðmundur (f. 1966), vélstjóri í Reykjavík og Kristinn Þorbergur (f. 1968), vöruflutningabílstjóri í Kanada.



Feðgarnir Sigurjón Samúelsson og Samúel Sigurjónsson á hlaðinu á Hrafnabjörgum.



Hreppsnefnd Ögurhrepps við samkomuhúsið í Ögri um 1980: Oddný Bergþóra Helgadóttir, Birnustöðum, Kristján Kristjánsson á Hvítanesi, Baldur Bjarnason í Vigur, Sigurjón Samúelsson á Hrafnabjörgum og Halldór Hafliðason í Ögri.



# Plötusafnarinn

Sigurjón byrjaði um 1950 að safna plötum, fyrst íslenskum söngplötum og harmonikuplötum, sem sumar voru frá því skömmu eftir aldamót, og að sjálfsgöfðu 78 snúninga. Í safni Sigurjóns er fyrsta íslenska harmonikuhljómplatan sem kom út, upptaka Jóhanns Jósepsonar frá Ormarslóni, 78 snúninga plata hljóðrituð 1933. Sigurjón átti allar söngplötur með Einari Kristjánssyni, Stefáni Íslandi, allt upprunalegar upptökur og báðar plötur Einars Hjaltested sem teknar voru upp í New York 1916.

Plöturnar keypti hann á fornsölum í Reykjavík, t.d. á Grettisgötunni og í kjallara Fálkans meðan það var hægt, og víðar. Fornsölur voru Sigurjóni talsverð búbót í gegnum árin og kynni af öðrum söfnurum leiddu jafnframt til plötuskipta.

Þegar Sigurjón var eitt sinn inntur eftir því hvert rekja mætti áhugamálið, svaraði hann því til að grammófonn hafi verið til á bænum á æskuárum sínum þó að útvarp kæmi ekki í sveitina fyrr en árið 1944. Nokkrar plötur voru til, m.a. með söngvurunum Sigurði Skagfield og Hreini Pálssyni og harmonikusníllingunum Gellin og Borgström, sem voru í miklu uppáhaldi hjá safnaranum.



# Plötur og geisladiskaútgáfa



Plötur Sigurjóns voru orðnar yfir 7000 talsins, flestallar heillegar og vel með farnar. Sigurjóni fannst afturhvarf að fara úr 78 snúninga plötum yfir í 45 og síðar 33 snúninga plötur: „78 snúninga plöturnar voru gerðar úr hertu gúmmí sem virðist endingarbetra en vínillinn og ekki eins viðkvæmt fyrir brestum og hann. Það á svo eftir að koma á daginn hvernig geisladiskarnir koma til með að endast.“

Sigurjón safnaði lögum af 78 snúninga plötunum sínum yfir á geisladiska og gaf út í takmörkuðu upplagi. Á hverri 78 snúninga plötu voru yfirleitt tvö lög, en Sigurjón safnaði saman efni eftir listamennina og flokkaði saman. Hann gróf upp myndir og skrifaði texta um listamennina til útgáfunnar. Þetta var metnaðarfull útgáfa þó aðeins væri gefið út í fáum eintökum. Hann skráði katalógnúmerin á útgáfunum frá SS 001 og var kominn upp í SS 027. Á meðal þeirra sem hann gaf út voru Sigurður Skagfield, Einar Markan, Eggert Stefánsson, Ríkarður Jónsson, Marz-bræður og Ingibjörg Þorbergs.

# Plötusnúður

Sigurjón var tíu ára gamall þegar honum var gefin fyrsta nýja hljómplatan með Gunnari Óskarssyni, barnastjörnu þess tíma. Á unglingsárunum fór pilturinn svo á sjóinn og gat fjármagnað frekari plötukaup auk þess sem hann vann fyrir sér sem diskótekari á dansleikjum við Ísafjarðardjúp og spilaði þá gjarnan blandaða músík fyrir alla aldurs hópa. Sigurjón átti jafnan nýjustu plöturnar með dansmúsík samtímans og tók að sér plötusnúðastörf á dansleikjum vítt um sveitir og blandaði þá saman gömlu og nýju dönsunum. Þegar Sigurjón var eitt sinn spurður hvort tónlistaráhuganum hafi ekki fylgt hljóðfæraleikur, þvertók hann fyrir að hafa komið nálægt hljóðfærum sjálfur ef undan væri skilið smágutl á nikku hér í eina tíð. „En ég lærði ungur að spila á grammófón,“ sagði hann eitt sinn. „Ég er heldur ekki í neinum vandræðum með að finna það sem mig langar til að hlusta á hverju sinni því ég hef raðað plötunum upp eftir ákveðnu kerfi.“





# Plötusafn og spilarar

Gríðarstórt plötusafn Sigurjóns innihélt m.a. nánast allar íslenskar 78 snúninga plötur sem gefnar voru út. Sigurjón vildi að plöturnar hans færu á safn. Hann sagði í viðtali að ekki væri mikið leitað til sín varðandi fágæt plötueintök þótt það kæmi stöku sinnum fyrir. „Óskastaðan væri að plöturnar yrðu varðveittar á safni þar sem almenningur gæti haft not af þeim. Sjálfar plöturnar yrðu vitaskuld ekki til útláns, en hægt væri að hugsa sér að fólk gæti fengið að hlusta á tónlistina innan veggja safnsins og fengið jafnvel afrit af því sem það vildi. Það er ekki vinnandi vegur að hafa þetta allt í heimahúsi þar sem það bæði tekur alltof mikið pláss og rykfellur.“

Auk hljómplatnanna átti Sigurjón úrval af hljómflutningstækjum, allt frá gömlum grammófónum upp í nútíma græjur. Elsti grammófónninn í safni hans er frá árinu 1914 og er svokallaður His Master's Voice trektarfónn, sem enn getur spilað. Hann átti líka vaxhólkataeki, en þau eru mjög fágæt. Áhugamálinu fylgdi svo söfnun á fróðleik um tónlist og tónlistarmenn.

